

Greinargerð

Umsögn um framkomnar athugasemdir að loknum kynningartíma tillögu að friðlandi í Lundey, Kollafirði.

Tillaga að friðlýsingu Lundeyjar sem friðlands í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var auglýst þann 21. ágúst 2020 í samræmi við 2. mgr. 39. gr laganna. Erindi var sent öllum samráðs- og hagsmunaaðilum sem og rétthöfum lands þar sem fram kom hvar tillögun væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum. Auk þess var tillagan auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að gera athugasemdir var til og með 20. nóvember 2020.

Lundey liggur á innanverðum Kollafirði, milli Geldinganes og Brimness á Kjalarnesi. Eyjan er um 400 m löng og 150 m breið þar sem hún er breiðust. Lægst er hún að austanverðu en hækkar til vesturs og er hún um 14 m.y.s þar sem hún er hæst. Klettabelti stendur í sjó fram og stórgrýtt fjara að neðan. Eyjan er að mestu úr grágrýti, algróin og stórbýfð. Lundey hefur fyrst og fremst hátt verndargildi vegna sjófuglabyggðar, einkum lunda, en á eyjunni verpa hátt í 10.000 pör. Samkvæmt válista Náttúrufræðistofnunar Íslands

er lundi flokkaður sem tegund í bráðri hættu. Auk þess er Lundey mikilvægt búsvæði fleiri mikilvægra fuglategunda s.s. ritu, æðarfugls og teistu sem einnig eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í Lundey er að finna sérstætt gróðurlendi en á tveimur stöðum vex gulstör sem blandast við haugarfa. Nálægð eyjarinnar við höfuðborgarsvæðið eykur þá mikilvægi hennar, bæði til fræðslu og náttúruskoðunar ferðamanna. Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda mikilvæga sjófuglabyggð og sérstætt gróðurlendi eyjunnar.

Alls bárust níu umsagnir á kynningartíma: frá Hafrannsóknastofnun, Unni Eir Arnardóttur, Gísla Stefáni Karlssyni, Arnari Inga Gunnarssyni, Sveini Elmari Magnússyni, Sveini Axeli Sveinssyni, Kayakklúbbum, Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum Umhverfisstofnunar við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma tillögunar.

Athugasemdir

Svör Umhverfisstofnunar

Gísli Stefán Karlsson, Unnur Eir Arnardóttir, Arnar Ingi Gunnarsson, Sveinn Elmar Magnússon, Sveinn Axel Sveinsson og Kayakklúbburinn gera athugasemdir við að landtaka kayaka sé óheimil í Lundey. Í athugasemdunum kemur m.a. fram að meðlimir Kayakklúbbsins hafi undanfarin 20-25 ár komið í Lundey, tekið land og týnt rusl. Bent er á að róðraleiðin umhverfis Lundey sé ein af vinsælustu leiðum meðlima í Kayakklúbbsins og að hefð sé fyrir því að farið sé í land í eyggi og jafnvel gist þar í tjöldum. Þá er bent á að með ákvæði varðandi landtöku er áningarstaður tekinn af kajakræðurum

Í umsögnunum er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að viðkoma í fjöru verði heimil, að kajakræðarar verði undanskildir ákvæðinu um að óheimilt sé að taka land, að heimilt verði að taka land á austurhluta eyjarinnar eða að vikulegum róðrum Kayakklúbbsins verði heimilt að taka land. Þá er jafnframt óskað eftir því að ef ekki verði gerðar breytingar á auglýstri tillögu að félagsmönnum Kayakklúbbsins verði heimil landtaka með þeim skilyrðum að farið sé að öðrum ákvæðum friðlýsingarinnar.

Hvað varðar athugasemdir vegna landtöku í Lundey vill Umhverfisstofnun benda á að aðeins er áætlað að landtaka sé óheimil frá 20. maí til 20. ágúst nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Á öðrum tímum árs er landtaka heimil eins og verið hefur.

Vegna athugasemda kayakræðara leitaði Umhverfisstofnun áhlits Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrustofu Suðurlands.

Náttúrufræðistofnun Íslands benti á ákvæði um að landtaka sé óheimil sé til að draga úr truflun á fuglalíf. Truflunin er tvíþætt, annars vegar getur umferð truflað fugla á viðkvæmum tíma og hins vegar óbein áhrif, þ.e. að eggjaræningar eigi auðveldara með að ræna eggjum þegar fuglar fælast af hreiðrum. Náttúrufræðistofnun bendir þó jafnframt á að áhrif af heimsóknnum ræðara í Lundey hafi ekki verið metin og ekki séu til upplýsingar um fjölda ferða og því ekki hægt að segja með vissu hvaða áhrif heimsóknir hafa. Stofnunin leggur að lokum til að ákvæði auglýstrar tillögu verði óbreytt en að tekin verði afstaða til undanþága, t.d. við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

Náttúrustofa Suðurlands tók undir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi eggjaræninga sem eiga auðveldara með að ræna eggjum þegar fuglar fælast af hreiðrum.

Í ljósi þeirra álita sem leitað var var það niðurstaða samstarfshópsins að leggja til að 7. gr. auglýsingarinnar yrði óbreytt og að óheimilt sé að taka land í Lundey á tímabilinu 20. maí til 20. ágúst til verndar fuglalífi. Umhverfisstofnun er þó heimilt að veita leyfi til landtöku á þessum tíma og verða sett viðmið vegna slíkra leyfisveitinga í stjórnunar- og verndaráætlun

	<p><i>fyrir svæðið. Í þeirri vinnu verða fulltrúar Kajakklúbbsins kallaðir til samráðsfunda og boðið að taka þátt í mótun viðmiða.</i></p> <p><i>Hvað varðar undanþágu getur Umhverfisstofnun ekki veitt slíka undanþágu fyrr en svæðið hefur verið friðlýst og reglurnar hafi tekið gildi. Stofnunin bendir því umsagnaðilum á að hafi þeir hug á að taka land í Lundey á framangreindu tímabili að sækja um leyfi á heimasíðu stofnunarinnar þegar friðlýsingin hefur verið staðfest.</i></p>
<p>Í erindi Orkustofnunar, dags. 20. janúar 2021, sagði að á hafsbotni innan marka fyrirhugaðs friðlands væri Björgun ehf. með leyfi til efnistöku. Fram kom að leyfið hefði upphaflega verið veitt árið 2009 og að gildistími þess hafi verið framlengdur til 29. júní 2021. Orkustofnun sagðist telja að ekki væru aðstæður til áformaðar friðlýsingar innan þess svæðis sem að nýtingarleyfið tilgreindi. Benti stofnunin einnig á að hafsbotni tiltekna svæðisins hefði nú þegar verið raskað og að mikilvægt væri að nýta námur eins og kostur væri svo ekki þyrfti að taka ný námusvæði í notkun. Í ljósi þess mæltist Orkustofnun til í erindi sínu að afmörkun fyrirhugaðs friðlands yrði færð út fyrir núgildandi efnistökusvæði.</p>	<p><i>Hvað varðar ábendingu um efnistöku á hafsbotni við Lundey. Umhverfisstofnun hafði samband við Orkustofnun og Björgun ehf. vegna ábendingar Orkustofnunar. Í tölvupósti frá Björgun, dags. 1. mars 2021, kom fram að fyrirtækið hygðist ekki sækja um áframhaldandi leyfi til efnistöku innan marka fyrirhugaðs friðlands. Vegna athugasemda Orkustofnunar þess efnis að hafsbotninn sé nú þegar raskaður og að setja megi spurningarmerki við náttúruverndargildi hafsbotnsins bendir Umhverfisstofnun á að megin verndargildi svæðisins sem friðlýsingin tekur til er búsvæði fugla sem nýta sér umrætt svæði m.a. til fæðuöflunar. Í ljósi þess að Björgun ehf. hyggst ekki óska eftir áframhaldandi leyfi til efnistöku telur Umhverfisstofnun því ekki ástæðu til að breyta fyrirhuguðum mörkum svæðisins vegna þeirra forsenda sem Orkustofnun bendir á. Í friðlýsingarskilmála hefur þó verið bætt inn bráðabirgðaákvæði þess efnis að efnistaka sé heimil til 29. júní 2021 í samræmi við ákvæði leyfi Orkustofnunar.</i></p>

<p>Í bréfi, dags 24. nóvember 2020, gerði Náttúrufræðistofnun Íslands athugasemdir við að ekki hafi verið fjallað um heimildir til að leigja eyjuna út og að ekki sé fjallað um réttindi og skyldur leigutaka og uppsagnarákvæði samnings ef leigan samræmist ekki vernd eyjunnar. Þá spyr Náttúrufræðistofnun hvort að veiðibann eigi líka við um leigutaka.</p>	<p><i>Hvað varðar ábendingu um að í skilmálana vantaði texta um að landeigenda sé heimilt að gera leigusamning tekur Umhverfisstofnun undir ábendinguna og hefur breytt auglýsingu um friðlýsingu í samræmi við hana. Þá er einnig fjallað um að í leigusamning skuli vera skilyrði þess efnis að nýting svæðisins skuli ekki rýra verndargildi þess og að brot á samningi skuli leiða til uppsagnar hans. Hvað varðar réttindi og skyldur leigutaka og uppsagnarákvæði eru það atriði sem alltaf er fjallað um í samningagerð og ekki þörf á að tilgreina sérstaklega.</i></p> <p><i>Hvað varðar ákvæði um bann við meðferð skotvopna og fuglaveiðum á það við um alla. Bætt hefur verið inn ákvæði þess efnis að hægt er að sækja um undanþágu til Umhverfisstofnunar.</i></p>
<p>Í bréfi Hafrannsóknastofnunar, dags. 17. september 2020, segir að stofnunin geri ekki athugasemdir við tillöguna að friðlýsingu Lundeyjar.</p>	

Reykjavík, 23. mars 2021

/UST202001-180

Freyja Pétursdóttir

Umhverfisstofnun